

Nr. 10.

26.
júlí.**Opið brjef**

um að hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku,
sje settur ríkisstjóri.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þarð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda setjum Vjer ríkisstjóra samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 25, 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, bróður Vorn elskulegan, hans konunglegu tign Harald Christián Frederik, og hefur hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vjer komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 26. júlí 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Zahle.

Nr. 11.

2.
ágúst.**Konungleg auglýsing**

um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda kunngjörum Vjer hjer með Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer með opnu brjefi 26. f. m. samkvæmt 1. grein í lögum nr. 25, 11. febr. 1871 höfðum falið bróður Vorum elskulegum, hans konunglegu tign Haraldi Christiáni Frederiki að hafa á hendi, sem ríkisstjóra, í fjærvist Vorri.

Gefið á Dannebrog við Kolding, 2. ágúst 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Zahle.